**Nd.** **885. Nefndarálit** [294. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum síðustu daga og komist að þeirri niðurstöðu, að brýnt sé að allar konur njóti sama réttar til fæðingarorlofs.

Með því að fjármögnun fæðingarorlofs til allra kvenna er enn óleyst mál og sökum þess að sýnt þykir, að ekki vinnst tími til að afgreiða frv. fyrir þinglausnir, og í trausti þess, að hæstv. ríkisstjórn vinni að lausn málsins, samþykkir nefndin að leggja til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. maí 1979.

| | | |
|---|---|---|
| Einar Ágústsson, form. | Garðar Sigurðsson, frsm. | Matthías Bjarnason. |
| Vilmundur Gylfason. | Bjarnfríður Leósdóttir. | Jósef H. Þorgeirsson. |
| | Jóhanna Sigurðardóttir. | |